HVAÐ ER AÐ GERAST UM Helgina?

MYNDLIST

Ísafjörður:

Slunkaríki

„Made in Holland" nefnist sýning, sem stendur yfir í Slunkaríki á Ísafirði. Níu erlendir listamenn sýna verk sín en þeir starfa allir í Hollandi og eru í tengslum við Ríkisakademíuna í Amsterdam og stunda þar nám.

Hver listamaður sýnir verk sín í eina viku í senn. Verkin eru málverk, teikningar, grafík og skúlptúr. Þau eru öll til sölu. Sýningin er opin þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 16.00 til 18.00 og um helgar kl. 15.00 til 18.00. Ókeypis er inn á allar sýningar á vegum Myndlistarfélagsins á Ísafirði í Slunkaríki. Sýningin stendur til 15. mars.

SÖFN

Listasafn Einars Jónssonar:

Safn og garður

Listasafn Einars Jónssonar er opið alla daga nema mánudaga kl. 13.30 til 16.00. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega frá kl. 11.00 til 17.00.

Sædýrasafnið:

Dýrin mín stór og smá

Sædýrasafnið verður opið um helgina eins og alla daga frá kl. 10.00 til 19.00. Meðal þess sem er til sýnis eru háhyrningar, ljón, ísbjörn, apar, kindur og fjöldi annarra dýra, stórra og smárra.

Ásgrímssafn:

Skólasýning

Opnuð hefur verið árleg skólasýning safnsins. Sýningin verður opin til aprílloka og er safnið opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.30-16.00



Kjarvalsstaðir:

Málverkasýning Gísla Sigurðssonar

Á morgun opnar Gísli Sigurðsson stóra málverkasýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Þetta er 8. einkasýning Gísla og sýnir hann þar 70 olíumálverk frá síðastliðnum þremur árum, en síðast sýndi Gísli fyrir fjórum árum á sama stað. Myndefnið að þessu sinni er að mestu leyti úr íslenzku þjóðlífi, fyrr og síðar. Á myndinni að ofan er Gísli ásamt mynd af Sigríði Ellu í hlutverki Carmen.



Atriði úr sænsku kvikmyndinni „Eins dauði . . ."

Norræna húsið:

Eins dauði . . .

Laugardaginn 1. mars kl. 17.00 sýnir kvikmyndaklúbburinn Norðurljós sænsku myndina Eins dauði . . . (Den enes död . . . í Norræna húsinu.

„Eins dauði . . . er sakamálamynd, byggð á sögu eftir danska rithöfundinn Poul Ørum, en sakamálasögum hans er oft líkt við bækur sænsku rithöfundanna Maj Sjöwall og Per Wahlöö. Myndin hefst á því, að aðalpersónan, Ralf, kemur heim í sænskan smábæ eftir að hafa setið í fangelsi fyrir bankarán, sem hann framdi ásamt fleirum, en hann er sá eini, sem náðist og var dæmdur. Bæjarbúar fara að huga sitt: Hverjir voru hinir? Hvers vegna er Ralf kominn aftur? Hyggur hann á hefndir eða ætlar hann að fá sinn hluta af ránsfengnum? Hvar er þýfið? Ýmsir eiga svefnlausar nætur og brátt fer margt að gerast.

Leikstjóri mynarinnar er Stellan Olsson, en með aðalhlutverk fara Jan Waldekranz, Agneta Ekmanner, Christer Boustedt og fleiri. Myndin var gerð 1980 og er með sænsku tali.

Hafnarfjörður:

Riddarinn

Málverkasýning Guðmundar Karls er haldin í Riddaranum í Hafnarfirði, sýningin var opnuð nú um helgina. Sýningin er opin frá 18-24 alla daga.

Konan í list Ásmundar

Nú stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtún sýning sem nefnist „Konan í list Ásmundar Sveinssonar". Er hér um að ræða myndefni sem tekur yfir mestallan feril Ásmundar og birtist í fjölbreytilegum útfærslum.

Sýningin er opin í vetur á þriðjudögum, fimmtudögum, laugardögum og sunnudögum kl. 14.00 til 17.00.

Gallerí Borg:

Hringur Jóhannesson

Í Gallerí Borg stendur nú yfir sýning Hrings Jóhannessonar sem hann kallar „Frá áttunda áratugnum". Á sýningunni eru olíumálverk, litkrítarmyndir og teikningar sem hann hefur unnið á árunum 1962-68. Þetta er síðasta sýningarhelgi. Opið er virka daga frá 10-18 og um helgina frá 14-18.

SAMKOMUR

Húnvetningafélagið:

Félagsvist

Laugardaginn 1. mars kl. 2 e.h. verður spiluð félagsvist í félagsheimilinu, Skeifunni 17. Allt spilafólk velkomið meðan húsrúm leyfir. Kaffiveitingar.

Norræna húsið:

Sænsk bókmenntakynning

Laugardaginn 1. mars kl. 15 verða kynntar sænskar bækur og eru tveir Svíar sem þekktir eru í bókmenntaheiminum komnir hingað til lands í heimsókn, þeir Torgny Londgren og Lars-Olof Franzén. Lars-Olof Franzén ræðir strauma og stefnur í sænskum bókmenntum síðustu ár og talar um nokkrar nýútkomnar bækur. Að erindinu loknu les Torgny Lindgren úr verkum sínum. Aðgangur er ókeypis.

Kvikmyndaklúbbur Hispanía:

Camada Negra

Laugardaginn 1. mars verður sýning á vegum klúbbsins kl. 15.15. Leikstjóri og höfundur handrits er Manuel Gutiérrez Aragón. Myndin er gerð 1977 og er 85 mínútna löng. Myndin fjallar um skæruliðasamtök öfgamanna og er með spænsku tali. Aðgangur er ókeypis.

Átthagamót:

Saurbæingamót

Árleg samkoma brottfluttra Saurbæinga verður haldin í Risinu að Hverfisgötu 105 laugardaginn 1. mars og hefst samkoman með borðhaldi kl. 20.00

Naustið:

Helgardagskráin

Föstudags- og laugardagskvöld syngja bræðurnir Helgi og Hermann Ingi lög eftir Simon og Garfunkel. Skemmtidagskráin ber heitið „hljómur þagnarinnar." Skemmtidagskráin hefst klukkan 10. Dúó Naustsins, þau Hrönn Geirlaugsdóttir fiðluleikari og Jónas Þórir píanóleikari leika lög fyrir matargesti, og hljómsveit Jónasar Þóris leikur danslög frameftir nóttu eða til kl. 3.

Hótel Saga:

Laddi á Sögu

Laddi skemmtir á Sögu um helgina á laugardagskvöld. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur fyrir dansi til kl. 3. Mímisbar verður opinn föstudag og laugardag til kl. 3 eftir miðnætti, opið verður á Astra-Bar og Grillinu föstudag, laugardag og sunnudag, en þar leikur Reynir Jónasson létta tónlist fyrir matargesti.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands:

Sunnudagsganga

Sunnudaginn 2. mars verður skíðaganga á Bláfjallasvæðinu, brottför kl. 13.00 frá Umferðarmiðstöðinni. Á sama tíma er farið í ökuferð til Þorlákshafnar og þaðan gengið með ströndinni að Langabás. Létt gönguferð.

Útivist:

Tvær dagsferðir

Á sunnudaginn verður farið í tvær